


BJALLAVAÐ



Efnisyfirlit

1.1.	Viðgangsefni og markmið	3
2.	Forsendur	4
2.1.	Umhverfi og staðhættir	4
2.2.	Aðkoma og vegir	5
2.3.	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.4.	Minjar.....	9
3.	Deiliskipulag	10
3.1.	Almennt.....	10
3.2.	Bygging.....	10
3.3.	Aðkoma, vegir og samgöngur	10
3.4.	Reiðleiðir	10
3.5.	Göngustígar.....	11
3.6.	Salerni og sorp	11
3.7.	Öryggi.....	11
3.8.	Gróður.....	11
3.9.	Upplýsingar og fræðsla	12
3.10.	Umhverfisáhrif	12
4.	Kynning og samráð.....	13
5.	Heimildaskrá.....	13

1.1. Viðgangsefni og markmið

Hér er lögð fram tillaga að deiliskipulagi við Bjallavað í Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag og því er ekki gerð skipulagslýsing í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Um er að ræða gerð deiliskipulags fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk við Bjallavað á Fjallabaksleið nyrðri í Rangárþingi ytra. Markmiðið skipulagsins er að efla þolmörk friðlandsins með því að bæta þjónustu við gesti þess með mótun bílastæðis, gerð áningarstaðar og þurrsalernis við friðlandsmörkin. Bjallavað er innan friðlands að Fjallabaki sem stofnað var með reglugerð árið 1979 í þeim tilgangi að varðveita landsvæðið fyrir komandi kynslóðir¹.

Rangárþing ytra hefur verið vinsæll áfangastaður ferðamanna og er ferðaþjónusta orðin ein stærsta atvinnugreinin í sveitarfélaginu. Innviðir ferðaþjónustunnar eru afar mikilvægur þáttur í þjónustu við þá ferðamenn sem sækja landið heim. Ágangur stöðugt fleiri ferðamanna á viðkvæma náttúru landsins ásamt vaxandi umhverfisvitund ferðamanna og annarra hefur leitt til aukinna krafna um skipulag og stjórnun í ferðaþjónustu. Með uppbyggingu og áningarstaðar fyrir ferðamenn við

Bjallabað verða fleiri staðir til að taka við auknum fjölda ferðamanna á Suðurlandi en það er sá landshluti, utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem álagið hefur verið hvað mest.² Með deiliskipulagsgerðinni er mótað og staðfest skipulag fyrir lítinn áfangastað á Fjallabaksleið nyrðri. Markmiðið er að stýra umferð vegfarenda um svæðið, gera staðinn að öruggum áningarstað og stuðla að umhverfisvernd. Þolmörk staðarins og innviðir eru styrktir svo hann anní gestafjölda og verði ekki fyrir skemmdum af völdum ágangs. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir bílastæðum og aðstöðu fyrir ferðafólk, s.s. þurrsalerni, áningarborðum og upplýsinga- og fræðsluskiltum. Skipulagið skal vera leiðbeinandi um umhirðu og viðhald svæðisins og marka stefnu um vernd þess og hlutverk.

Deiliskipulagsáform falla ekki undir 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og eru ekki háð umhverfismati.

Markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Móta heildstætt skipulag fyrir áfangastað við Bjallavað og veita yfirsýn yfir fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu.



Mynd 2. Áfangastaður við Bjallavað. Mynd: Daniel Freyr Jónsson.



Mynd 1. Staðsetning Bjallavaðs.

¹ https://ust.is/library/Skrar/utgefing-efni/Baeklingar/Fjallabak_IS.pdf


² Ferðamálastofa. (2018). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum. Reykjavík.

- Skapa áfangstað á þessari vinælu ferðamannaleið og stuðla að náttúruvernd og góðri umgengi á svæðinu.
- Auka fræðslugildi, aðdráttarafl og útivistargildi svæðisins.
- Auka þolmörk staðarins og styrkja innviði svo hann anní gestafjölda og verði ekki fyrir skemmdum af völdum ágangs.
- Auka þjónustustig með hreinlætisaðstöðu við aðkomu í friðlandið frá norðri.

2. Forsendur

2.1. Umhverfi og staðhættir

Bjallavað er innan friðlands að Fjallabaki, staðsett við norðurmörk friðlandsins, sem er þekkt fyrir sína stórbrotnu náttúru, þar sem einkennandi eru litskrúðug fjöll, hverasvæði, hraunbreiður, jöklar og grösug dalverpi. Bjallavað er þekkt vað yfir Tungnaá sem rennur úr Krókslóni og var áður eina reiðfæra leiðin yfir ána. Vaðið er staðsett þar sem Fjallabaksleið nyrðri (F208) frá Sigöldu kemur að Tungnaá, rétt norðan við vegamót Dyngjuleiðar vestur í Valagjá. Flestir ferðamenn sem koma í friðlandið fara um leið F208 og er þetta því aðalinngangur inn í friðlandið. Svæðið hefur um langt skeið verið vinsæll staður til að stoppa á áður en haldið er áfram í átt til Landmannalauga. Svæðið er nokkuð raskað sökum átroðnings og bílaumferðar. Skipulagssvæðið er á nútímahrauni sem nefnist Tjörvahraun. Hraunið nýtur verndar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga nr.60/2013.



Mynd 3. Kort af svæðisskiptingu friðlands að Fjallabaki, þar sem sést að Bjallavað er á svæði 2, viðkvæm jarðminjasvæði, þar sem fylgja skal göngustígum þar sem þeir eru til staðar. Umferð um hluta svæðisins er takmörkuð (Umhverfisstofnun, 2019).

2.2. Aðkoma og vegir

Utanvegaakstur er ólöglegur á Ísland skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, en heimilt er að aka á jökulum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum (31. gr). Svæðið er opið ferðamönnum allan ársins hring utan þess tíma sem aðkomuleið (F208) lokar vegna vorleysinga. Það ræðst af veðurfari hvenær vegurinn er fær en á honum er engin vetrarþjónusta. Á haustin lokast aðkomuleið flestum farartækjum vegna sjóa.

2.3. Tengsl við aðrar áætlanir

2.3.1. Friðland að Fjallabaki

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979. Megin einkenni svæðisins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt en viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins. Í gildi er **Stjórnunar- og verndaráætlun friðlands að Fjallabaki 2021-2030**³ þar sem mótuð er framtíðarsýn og stefna um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Einnig er í áætluninni tilgreindar aðgerðir sem stefnt er á að fara í á næstu árum og sérstakar reglur um umferð og dvöl. Leiðarljós áætlunarinnar er að varðveita einstök náttúruverðmæti friðlandsins, víðerni og góða upplifun gesta í samræði við hagsmunaaðila svo allir hafi kost á að njóta verðmæta friðlandsins um ókomna framtíð. Í áætluninni kemur fram að stjórnarfrumvarp um stofnun hálendisþjóðgarðs var lagt fram á Alþingi í byrjun árs 2021 þar sem gert er ráð fyrir að öll friðlýst svæði á hálendinu, þ.m.t. friðland að Fjallabaki, verði hluti af hálendisþjóðgarði.

Einnig er í gildi **Aðgerðaáætlun friðlands að Fjallabaki 2025-2027**⁴. Hún er uppfærð árlega í samræmi við þriggja ára verkefnaáætlun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða (Landsáætlun). Í áætluninni kemur fram að samstarf verði með Rangárþingi ytra og Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnun) um skipulagsáætlanir sem eru í gildi innan friðlandsins með það að markmiði að samræma stefnur beggja aðila um framtíð svæðisins m.a. að teknu tilliti til umsóknar um skráningu Torfajökulssvæðisins á heimsminjaskrá UNESCO. Hönnun og framkvæmdir á aðkomusvæði við Bjallavað verða í samræmi við gildandi aðgerðaáætlun friðlands að Fjallabaki.

Sérstakar reglur gilda um umferð manna og dvöl í friðlandi að Fjallabaki sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.⁵ Í reglunum er fjallað um umferð gangandi, hjólandi og fljúgandi, næturgistingu, kvikmyndatökur og dýrahald innan friðlandsins, svo eitt hvað sé nefnt.

2.3.2. Þjóðendur

Bjallavað er innan Landmannaafréttar sem er Þjóðlenda. Þjóðlenda er skilgreind í *Þjóðlendulögum* sem *landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi*. Um stjórn og meðferð þjóðlendna fer skv. II. kafla þjóðlendulaga. Afla skal leyfis Forsætisráðuneytisins fyrir framkvæmdum innan þjóðlendna.

³<https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridland-ad-fjallabaki/Stj%c3%b3rnunar-%20og%20verndar%c3%a1%c3%a6tlun%20Fri%c3%b0land%20a%c3%b0%20Fjallabaki.pdf>

⁴<https://ust.is/library/Skrar/nattura/Friðland%20að%20Fjallabaki%20-%20Aðgerðaáætlun%202025-27.pdf>

⁵<https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridland-ad-fjallabaki/Serstakar%20reglur%20um%20umferð%20og%20dvöl.pdf>

2.3.3. Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2024-2038 er unnin á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010 og var samþykkt á Alþingi í maí 2024 og leysir hún af hólmi landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild auk haf- og strandsvæða. Framtíðarsýn stefnunnar er að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Eitt af lykilviðfangsefnum stefnunar er landnotkun á miðhálendi Íslands.

Eftirfarandi áherslur landsskipulagsstefnu eru meðal þeirra sem snerta á þróun miðhálendisins og uppbyggingu þar:

Áhersla A.5: Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Í skipulagi verði sérkennum miðhálendisins og sérstæðri náttúru þess viðhaldið með áherslu á verndun víðerna hálendisins og landslagsheilda. Við skipulagsgerð verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna. (M)
3. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins. (M)
4. Í skipulagi miðhálendisins verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínnum og útsýni. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti. (M)

Áhersla B.6: Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Við ákvarðanir um mannvirkjagerð á miðhálendinu verði tekið tillit til hættu sem talin er stafa af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. (M)

Áhersla C.4: Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Við gerð skipulags á miðhálendinu verði leitast við að viðhalda góðu ástandi vatnshlota, m.a. stöðuvatna, fallvatna og grunnvatns. Sjónum skal beint að mögulegu álagi vegna innviða sem tengjast samgöngum, ferðaþjónustu og orkuvinnslu. (M)

Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Í skipulagi verði uppbygging ferðamannaaðstöðu takmörkuð á miðhálendinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi þess. [...]

Við skipulagsgerð verði stuðlað að því að við uppbyggingu mannvirkja og þjónustu verði tekið tillit til þolmarka náttúru, innviða, ferðamanna og samfélags, og aðgengi ákvarðað í samræmi við þau. Hugað verði að varðveislu landslags sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálendinu verði jafnframt viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggji að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. (M)

2.3.4. Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028

Deiliskipulagssvæðið er skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL26 Árskógar og óbyggt svæði í aðalskipulagi Rangárbings ytra og er einnig innan hverfisverndarsvæðis HV13 Rangárvalla- og Landmannafréttur. Framkvæmdirnar sem deiliskipulagið fjallar um falla undir stakar framkvæmdir sem þar eru heimilar, sbr. 2.3.8. kafla aðalskipulagsins og 4.3.1. gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þar sem segir:

k. Stakar framkvæmdir

Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.

Ein af leiðum sem nefndar eru í aðalskipulagi Rangárbings ytra til að ná fram markmiðum og stefnu um stakar framkvæmdir eru að *stuðla að bættari umgengni, m.a. með uppsetningu upplýsingaskilta, salerna/áningarstaða við vegi, göngu- og reiðleiðir. Aðalskipulagið heimilar að útbúnir séu áningarstaðir, t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða í tengslum við útsýnissvæði.*

Í aðalskipulagi Rangárbings ytra segir m.a. um stakar framkvæmdir:

Þjónustuhús og kynningaraðstaða. Heimilt er að gera áningarstað við megin ferðaleiðir í byggð og á hálendi, s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upp upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Heimilt er að vera með áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir. Undir þetta falla einnig neyðarskýli á hálendi.

Mannvirki skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar (kafla 2.1.) eftir því sem við á. Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki og skulu lóðarstærðir taka mið af umfangi mannvirkis/framkvæmdar.

Hluti deiliskipulagssvæðisins er einnig skilgreindur sem **skógræktar- og landgræðslusvæði SL26**. Landgræðslugirðing liggur meðfram suðurmörkum svæðisins og talsverðar landgræðsluaðgerðir hafa farið fram innan hennar, en þó ekki á deiliskipulagssvæðinu eða í grennd við það.

Skógræktar og landgræðslusvæði		
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha.

Þá er deiliskipulagssvæðið einnig innan hverfisverndarsvæðis HV13:

Hverfisverndarsvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð/jarðir

HV13	Rangárvalla- og Landmannaafreittur	Afreittarsvæði sunnan Tungnaár. Stór samfelld svæði gosminja, víðlend hraunsvæði og eldstöðvar, þ.á.m. Hekla og Torfajökull. Ekki verður hróflað við minjum á svæðinu, s.s. gömlum vörðum eða skálum án samráðs við Minjastofnun.	Afreittur
------	------------------------------------	---	-----------

Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Þar sem um er að ræða vötn eða tjarnir tekur verndarsvæðið, auk þeirra, að lágmarki til 50 m beltis á bökkum þeirra.
- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar, geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun og beitarstýringu á svæðinu.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Vanda skal til allra framkvæmda sem heimilaðar verða, ganga frá byggingum og umhverfi svo fljótt sem verða má og tryggja góðan frágang fráveitu.
- Framræsla votlendis á hverfisverndarsvæðum er óheimil. Þá skal takmarka notkun áburðar (tilbúins sem og húsdýraáburðar).
- Nokkur vatnsrík lindasvæði eru vernduð sem hugsanleg framtíðarvatnsból

2.3.5. Náttúruverndarstofnun

Náttúruverndarstofnun tók til starfa 1. janúar 2025. Stofnunin tók við starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs og þeim hluta Umhverfisstofnunar sem snéri að náttúruvernd, ásamt lífríkis og veiðistjórnunarhluta hennar. Náttúruverndarstofnun fer með stjórnsýslu, eftirlit og önnur verkefni á sviði náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar og á sviði friðlýstra svæða, þ.m.t. Vatnajökulspjóðgarðs, Snæfellsjökulspjóðgarðs og friðlands að Fjallabaki, sem og vernd villtra fugla og spendýra. Þá sinnir stofnunin eftirliti og samhæfingu í skipulagi svæðisbundinnar stjórnunar og verndar.

2.3.6. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja.

Lög nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja tóku gildi í apríl 2016. Markmið laganna er að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar. Það skal gert með stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára skv. 3. gr. og þriggja ára verkefnaáætlun skv. 4. gr. sem er hluti af og innan ramma tólf ára áætlunarinnar.

Stjórnvöld hafa mótað stefnu varðandi verndun svæða og eru áhersluverkefni fyrir árin 2024 - 2026 hluti af 12 ára stefnumarkandi landsáætlun. Í verkefnaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum fyrir árin 2024-2026 kemur fram að langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði fer til uppbyggingar innviða til verndar náttúru og menningarminja á ferðamannastöðum. Með áætluninni er haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku.

2.3.7. Náttúruvernd

Markmið laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) er vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, meðal annars jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun

Íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Lögin eiga að:

- a. stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur,
- b. auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna,
- c. tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.

Í 3. grein laganna kemur fram að verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni er að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,
- c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,
- d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,
- e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Bjallavað er staðsett í nútímahrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. grein laganna. Þar segir: *Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun.*

2.4. Minjar

Í nálægð við skipulagssvæðið eru skráðar fornminjar sem njóta hverfisverndar. Þær eru ekki innan deiliskipulagssvæðisins og verða ekki fyrir áhrifum af deiliskipulaginu. Finnist áður óþekktar minjar á skipulagssvæðinu við framkvæmdir fer um þær skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.




RA684:002 Fornminjar undir hverfisvernd, ónákvæm staðsetn.

Mynd 4. Hluti af afréttaupprætti aðalskipulags Rangárpings ytra 2016-2028, þar sem sjást minjar sem skráðar eru í nágrenni deiliskipulagssvæðisins.

3. Deiliskipulag

3.1. Almennt

Ráðgert er að byggja upp lítinn áfangastað við Bjallavað með salernishúsi með 2-4 þurrsalernum, áningarborðum, fræðslu- og upplýsingaskiltum og 3-5 bílastæðum. Bílastæði verður afmarkað og verður aðflutningi á efni haldið í lágmarki. Þar verða upplýsingaskilti með fræðslu um svæðið og náttúru þess. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 0,2 ha. Framkvæmdum skal hagað þannig eftir megni að þær séu afturkræfar, að unnt verði að fjarlægja mannvirki og ummerki um þau. Hönnun og framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi aðgerðaáætlun friðlands að Fjallabaki. Áður en framkvæmdir hefjast skal afla framkvæmda-/byggingarleyfis frá sveitarfélaginu, leyfis forsætisráðuneytisins þar sem svæðið er innan þjóðlendu og leyfis Náttúruverndarstofnunar þar sem svæðið er innan friðlands að Fjallabaki.



Mynd 5. Dæmi um snið af þurrsalerni.

3.2. Bygging

Skilgreindur er einn byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir byggingu fyrir 2-4 þurrsalerni. Hámarks byggingarmagn innan byggingarreits er 20 m² og hámarkshæð í mæni húss er 3,5 m. Form, efnis- og litaval skal falla vel að umhverfinu. Að byggingarreitnum liggur göngustígur og gönguslóðar frá bílastæði. Einnig er sýndur slóði fyrir tæmingu þurrsalerna. Slóðinn er sýndur til skýringar og skal leggja hann vel í landið og halda raski í lágmarki.

3.3. Aðkoma, vegir og samgöngur

Svæðið er á Fjallabaksleið nyrðri (F208) en beygt er inn á F208 af þjóðvegi 1 við Eldvatn í Skaftártungu. Vegurinn er malarvegur með óbrúuðum lækjum og ám sem fara þarf yfir og er aðeins fær fjórhjóladrifnum ökutækjum. Vegurinn er ekki þjónustaður á vetrum og er ófær yfir vetrarmánuðina. Óvíska er land viðkvæmara fyrir skemmdum vegna umferðar og því sérstaklega mikilvægt að ferðafólk aki ekki út fyrir þá vegi sem sýndir eru á korti.



3.4. Reiðleiðir

Um svæðið liggja reiðleiðirnar *Krókslón*, með Tungnaá og Krókslóni (reiðv.nr.R211.21; 8,5 km á lengd) og einnig er vegurinn (F208) skilgreindur sem reiðleiðin *Vesturbjallaleið*, á vegi milli Frostastaðavatns og Sigöldu vestan Tungnaár (reiðv.nr. R33.15; 20km á lengd)).⁷

⁷ Skv. reiðvegaskýr Landsambands Hestamanna: <https://www.map.is/lh/>

Skv. aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar (Náttúruverndarstofnunar) 2025-2027 fyrir friðland að Fjallabaki⁸ skal fara fram árleg vöktun og eftirlit með ástandi reiðleiða, þær vaktaðar og lagfæringar unnar eftir þörfum til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir.

Gönguleiðir eru ekki skilgreindar á deiliskipulagssvæðinu.

3.5. Göngustígar

Staðsetning göngustíga er leiðbeinandi á uppdrætti. Stígar skulu vera náttúrustígar, byggðir upp úr jarðefnum og náttúrugrjóti og falla vel að umhverfinu. Fylgja skal leiðbeiningum um gerð náttúrustíga (aðgengilegt á www.godarleidir.is).


3.6. Salerni og sorp

Ferðalangar skulu hafa allt sorp á brott með sér og eru ekki gerðar ráðstafanir til að taka á móti neinu sorpi. 2-4 þurrsalerni verða í þjónustuhúsi sem verður allt að 20 m² að stærð. Ekkert rennandi vatn er á svæðinu. Rekstur almenningssalerna er skráningarskyldur, sbr. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi deiliskipulag. Losa skal þurrsalerni á viðurkenndum móttökustöðum, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með starfsemi rekstraraðila.

3.7. Öryggi

Á svæðinu er símasamband og háhraðafarnet, skv. landupplýsingum frá FjarSKIPTASTOFU.⁹

3.8. Gróður



Mynd 7. Gróðurkort af miðhálandi Íslands.

⁸ Friðland að Fjallabaki. Aðgerðaáætlun. Umhverfisstofnun.

<https://ust.is/library/Skrar/nattura/Friðland%20að%20Fjallabaki%20-%20Aðgerðaáætlun%202025-27.pdf>

⁹ <https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>

Gróður á svæðinu einkennist af moslendi og mólendi skv. gróðurkortu af miðhálandi Íslands.¹⁰ Svæðið einkennist af mosahraunavist (L6.3) sem hefur miðlungs verndargildi og eyðihraunavist (L6.1) sem hefur lágt verndargildi, en er þó á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar.¹¹ Talsvert rof er á svæðinu, sbr. mynd 8.


3.9. Upplýsingar og fræðsla

Á svæðinu verða sett upp fræðslu- og upplýsingaskilti skilti og vegfarendum gefnar upplýsingar um svæðið og náttúru þess, umgengisreglur og góð ráð um hvernig best er að njóta svæðisins út frá persónulegri getu, veðurfari, ástandi vega og árstíma.

3.10. Umhverfisáhrif

Framkvæmdir sem deiliskipulagið fjallar um eru hugsaðar til að styrkja þolmörk staðarins þannig að hann anní þeim fjölda sem þangað kemur. Eins og staðan er í dag lætur svæðið á sjá af umferð um það og því er mikilvægt að grípa til aðgerða til að sporna gegn því. Framkvæmdin er umfangslítill og verður hagað þannig að hún sé afturkræf, unnt verði að fjarlægja mannvirki og ummerki um þau. Framkvæmdin hafa jákvæð áhrif á umgengni á svæðinu.

Þeir umhverfisþættir sem deiliskipulagið er talið geta haft áhrif á eru gróðurþekja og jarðmyndanir vegna byggingar salernisaðstöðu og átroðnings gesta. Til að koma í veg fyrir að það verði á sem afmörkuðustu svæði verður gætt sérstaklega að merkingum á svæðinu og fræðslu til gesta um svæðið og viðkvæmni þess. Raski skal haldið í lágmarki og bílastæði verður mótað að landi og aðstæðum. Hrauninu skal hlýft við öllu raski og mannvirkin aðlöguð að því. Stígar verða lagðir þar sem þeir falla sem best inn í landslagið, hætta á úrrennsli verði sem minnst og tryggt að gestir haldi sig á stígum með skýrum merkingum og upplýsingum um áhrif átroðnings á viðkvæman gróður og jarðminjar. Deiliskipulagsáform falla ekki undir 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021 og eru ekki háð umhverfismati.



Mynd 8. Talsvert rof er á svæðinu, skv. Landbúnaðarsjá: <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=landbunadarsja>.

¹⁰ <https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>

¹¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

4. Kynning og samráð

Skipulagstillaga þessi verður auglýst á netinu og aðgengileg hagsmunaðilum og almenningi og öllum boðið að gera athugasemdir við tillöguna. Skipulagstillagan verður send eftirtöldum aðilum til umsagnar:

Skipulagsstofnun
Forsætisráðuneytið
Náttúruverndarstofnun
Umhverfis- og orkusstofnun
Náttúrufræðistofnun Íslands
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Vegagerðin
Veðurstofa Íslands
Minjastofnun Íslands

5. Heimildaskrá

Friðland að Fjallabaki. Aðgerðaáætlun 2025-2027. Umhverfisstofnun. Sótt á:
<https://ust.is/library/Skrar/nattura/Friðland%20að%20Fjallabaki%20-%20Aðgerðaáætlun%202025-27.pdf>

Friðland að Fjallabaki. Rangárþingi ytra. Stjórnunar- og verndaráætlun 2021-2030. 2021. Umhverfisstofnun. Sótt á: <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridland-ad-fjallabaki/Stjornunar-%20og%20verndaraetlun%20Friðland%20að%20Fjallabaki.pdf>

Grunngerð Landupplýsinga – Landupplýsingagátt. Sótt á: <https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>

Reiðvegaskýring Landsambands Hestamanna: Sótt á: <https://www.map.is/lh/>

Umhverfisstofnun. Sótt á: <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridland-ad-fjallabaki/Stj%c3%b3rnunar-20og%20verndar%c3%a1%c3%a6tlun%20Fri%c3%b0land%20a%c3%b0%20Fjallabaki.pdf>

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar. Sótt á: <https://vistgerdakort.ni.is/>